# BORGARLEIKHÚSIÐ

**DON KÍKÓTI**
*eftir Miguel de Cervantes*
Su 13/6 kl 20
SÍÐASTA SÝNING Í VOR

**CHICAGO**
*eftir J.Kander, F.Ebb og B.Fosse*
Lau 12/6 kl 20
Lau 19/6 kl 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í VOR
Ósóttar pantanir seldar daglega

**DANSLEIKHÚS 10/06/2004 SAMKEPPNI**
*9 verk eftir 14 höfunda*
Í kvöld kl 20 - kr. 2.500
Áhorfendaverðlaun - diskótek

NÝJA SVIÐ OG LITLA SVIÐ

**BELGÍSKA KONGÓ**
*eftir Braga Ólafsson*
Su 13/6 kl 20
SÍÐUSTA SÝNING

**RÓMEÓ OG JÚLÍA**
*e. Shakespeare*
í samstarfi við VESTURPORT
Í kvöld kl 20 - UPPSELT
Fö 11/6 kl 20 - UPPSELT
Lau 12/6 kl 15
Lau 12/6 kl 20 - UPPSELT
Síðustu sýningar

**TANZ THEATER HEUTE - LJÓSMYNDASÝNING**
í samvinnu við Goethe Zentrum
- Í FORSAL

NÝTT: Miðasala á netinu:
www. borgarleikhus.is
Miðasalan, sími 568 8000



100% „HITT" með Helgu Brögu
Sýningin hefst kl. 21:00
BANNAÐ INNAN 16



Árnesingar ATH!
Síðasta sýning
laugardaginn 12.júní á Flúðum
Miðasala sími: 893-6610
www.100hitt.com



bílar o.fl.
Smáauglýsingasíminn er 550 5000
auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ


## MYNDLISTARSÝNING



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON**
Opnar stóra sýningu í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi í kvöld.

# Hef verið latur að sýna á Íslandi

„Þetta er eins konar yfirlit yfir það sem ég hef veirð að fást við í myndlist frá upphafi, svona alveg frá því ég var ellefu ára gamall," segir Þorvaldur Þorsteinsson, myndlistarmaður og rithöfundur, um stóra sýningu sem hann opnar í Hafnarhúsinu í kvöld.

Á seinni árum hefur Þorvaldur verið þekktari sem rithöfundur hér á landi en myndlistarmaður, þótt upphaflega hafi hann lagt af stað sem myndlistarmaður.

„Þetta er sýningin sem ég hefði átt að halda fyrir löngu, því ég hef verið latur við að sýna á Íslandi. En ég hef sýnt mjög mikið erlendis síðustu 14–15 árin," segir hann, og bætir því við að ástæðuna fyrir þessu misræmi sé líklega að finna í því að þar sem hann skrifar á íslensku liggi beint við að starfa hér á landi sem rithöfundur, en myndlistin sé hins vegar alþjóðlegt tungumál og því geti hann leyft sér að hafa stærri vettvang fyrir hana.

„Við undirbúningsvinnuna að þessari sýningu komu í ljós, fyrir mig að minnsta kosti, skýrari tengingar milli myndlistarmannsins og rithöfundarins en ég hafði gert mér grein fyrir."

Sýningin tekur yfir fimm sali í húsinu og Þorvaldur segist spenntur fyrir viðbrögðunum, ekki síst við nýju verki sem hann hefur unnið samstarfi við Icelandair. ■


Coca-Cola BÍÓ-GRILL Coca-Cola
GRILL - ÍS - VIDEO
LAUGARÁSVEGI 1
SÍMI 517 9000

KAFFIBOLLI OG RÚNSTYKKI EÐA CROISSANT 200 KR.



VIDEO - DVD
ALLAR NÝJUSTU MYNDIRNAR!



VIDEO - DVD



Ís fyrir alla!

NÝTT!
FISKUR, FRANSKAR SALAT OG KOKTEILSÓSA
850 KR.



Góður Biti!
MUNIÐ FJÖLSKYLDUTILBOÐIÐ!
4 OSTBORGARAR, FRANSKARM, KOKTEILSÓSA OG 2L. COKE
1840 KR.


## TÓNLEIKAR

# Melodískt popprokk

„Þetta er svona melódískt kántrískotið popprokk," segir Sigurjón Brink, gítarleikari, söngvari og lagahöfundur hljómsveitarinnar The Flavors, þegar hann er beðinn um að lýsa tónlist hljómsveitarinnar.

Í kvöld verður hljómsveitin með útgáfutónleika á Grand Rokki í tilefni útkomu fyrstu plötu hennar, sem hlotið hefur nafnið Go Your Own Way.

Meðlimir auk Sigurjóns eru Pálmi Sigurhjartarson píanóleikari, Benedikt Brynleifsson trommuleikari, Matthías Stefánsson gítarleikari og Jón Bjarni Jónsson bassaleikari.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**HLJÓMSVEITIN THE FLAVORS**
Útgáfutónleikar á Gauknum í kvöld.

„Við höfum verið starfandi í svona eitt og hálft ár, en erum að koma undan feldi þessa dagana með tólf laga plötu." ■


Engjaþykkni Sumarleikur



Þú sérð strax hvort það leynist óvæntur glaðningur í Engjaþykkninu þínu!
Meira Engjaþykkni og þú gætir unnið aftur!
Fjöldinn allur af vinningum
Tveir ferðavinningar fyrir fjóra; Flug, bíll og gisting í Billund og tveggja daga aðgangur í Legoland • Samsung myndavélasímar • Gjafabréf í Kringluna 26" reiðhjól og margt, margt fleira.
Er vinningur í lokinu?
MJÓLKURSAMSALAN
www.ms.is